

Alþingi
Erindi nr. P 131/767
komudagur 1. 2. 2005

**Skipulags-,
byggingar- og
umhverfisnefnd
Sveitarfélagsins
Ölfuss.**



Nefndarsvið Alþingis
-Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Porlákshöfn 1. febrúar 2005

Efni: Erindi um umsögn við Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd (eldri námur).

Fyrir liggja drög að frumvarps til breytinga á náttúruverndarlögum sem umhverfisnefnd Alþingis hefur nú til umfjöllunar og óskar eftir umsögn um.

Frumvarpið felur í sér að þessi efnistaka verði í áföngum háð framkvæmdaleyfi skv. skipulags- og byggingarlögum og ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum um tilkynningarskyldu og matsskyldu.

1. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Eftir 1. júlí 2007 er efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við um efnistöku:

- a. *áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m² eða meira,*
- b. *áætluð efnistaka eftir 1. júlí 2007 er 50.000 m³ eða meiri,*
- c. *áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökusvæða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m² eða meira,*
- d. *efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii-lið 2. tölul. 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Við veitingu framkvæmdaleyfis skv. 1. mgr. skal fylgja ákvæðum 48. og 49. gr. Ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, skulu gilda um efnistöku sem fellur undir 1. mgr.*

Eftir 1. júlí 2010 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bókun skipulags-, byggingar- og umhverfisnefndar frá 14. desember 2004:

16. Erindi frá bæjarstjórn Ölfuss um að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, m.sbr.

Umræður voru um málið.

Afgreiðsla: Gerð er athugasemd við stuttan tíma fyrir umsagnaraðila að koma með svör við frumvarpi til laga, 185. máii á 131. löggjafabinginu, Frumvarp til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, m.sbr. Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss, áskilur sér frekari tíma til umsagnar, en til 1. desember s.l. Umsögn verði skilað inn til Alþingis fyrir 1. febrúar 2005.

Þann 4. janúar 2005 staðfesti umhverfisráðherra aðalskipulag fyrir Sveitarfélagið Ölfus 2002-2014.

Í greinargerð með aðalskipulaginu er á nokkrum stöðum fjallað um efnisnámur. Úrdráttur þar úr er fylgiskjal með þessu bréfi.

Í gr. 4.3.7 er fjallað um efnisnámur, áhrifaþætti þeirra.

Í gr. 5.2.9 er fjallað um efnistökusvæði. Þar er rætt um markmið. Undir þeim lið er farið yfir m.a:

a) framkvæmdarleyfi, b) áætlun um vinnslu, c) mat á umhverfisáhrifum, d) deiliskipulag, en gert er ráð fyrir að ljúka gerð deiliskipulags allra stærri náma fyrir vorið 2007.

Einnig er listi yfir námur á skipulagssvæðinu, númer fyrir þær, heiti, lýsing, sérgreind stefnumörkun og úr hvaða jörð þær eru.

Með samþykkt Sveitarstjórnar Ölfus og staðfestingu umhverfisráðherra á skipulagsgögnunum, er vitnað til þessara greina hér, sem hluta af umsögn við **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd (eldri námur).**

Einnig lögð fram umsögn við breytingar á náttúruverndarlögum, efnislegar.

Vegna fyrirhugðra breytinga á ákvæðum um framkvæmdaleyfisskyldra og mats-eða tilkynningarskyldra tiltekinnna framkvæmda, er verið að gera þær í lögum um náttúruvernd en ekki þar sem réttara væri á skipulags- og byggingarlögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í skipulags- og byggingarlögum, 73/1997 m.s.br. er að finna ákvæði um framkvæmdaleyfi sem sveitarstjórnir veita. Fram kemur í skipulags- og byggingarlögum, 27. grein, hvers konar framkvæmdir séu háðar framkvæmdaleyfi og í greininni er einnig að finna heimild til umhverfisráðherra til að setja reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Einnig er í 9. kafla skipulagsreglugerðar, nr. 400/1998, fjallað um framkvæmdaleyfi.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er að finna ákvæði um hvaða framkvæmdir eru matsskyldar eða tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu.

Í drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd, sem er til umsagnar, er lagt til að gera þessar breytingar þar. Sveitarfélagið Ölfus telur rétt að breytingin hefði átt að vera í skipulags- og byggingarlögum hvaða framkvæmdir eru framkvæmdaleyfis skyldar og tilgreina í lögum um mat á umhverfisáhrifum um matsskyldu og tilkynningarskyldu framkvæmda.

Stjórnsýslulega telur Sveitarfélagið Ölfus að lagaákvæði sem varða framkvæmdaleyfis skyldu almennt eða til einstakra framkvæmda, skuli sett í skipulags- og byggingarlögum fremur en í öðrum lögum. Sama gildir um mats- eða tilkynningarskyldar framkvæmdir að breytingar þar á eigi að vera í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Rökin eru að erfiðara er fyrir stjórnvöld að átta sig á hvaða reglur gilda um framkvæmdaleyfis skyldu og mats- eða tilkynningarskyldu framkvæmda, ef ákvæði þar um er **ekki** að finna í þeim lögum sem fjalla um framkvæmdaleyfi sveitarfélaga og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd náttúruverndarlaga og Skipulagsstofnun með eftirlit með framkvæmd laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlaga. Það er mat Sveitarfélagsins Ölfuss að sú tilhögun sem lögð er til í frumvarpinu, geti haft í för með sér óvissu um hvaða stjórnvöld fari með eftirlit með framfylgd laganna.

Sveitarfélagið Ölfuss telur að gera hefði átt þær lagabreytingar, sem kynntar eru í þessu frumvarpi, á skipulags- og byggingarlögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem þegar er fjallað um þessi mál og skilvirkni um málsmeðferð þar á er augljós, fremur en að gera breytingar á lögum um náttúruvernd.

Um lið d í 1. gr. er spurning hversvegna hann er settur svona fram?

Lagt er til að í 3. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum verði bætt inn um svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Lagst er gegn því að breyting verði gerð á náttúruverndarlögum um þetta en þess í stað sett inn í lögin um mat á umhverfisáhrifum, eins og áður sagði.


Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi



SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

Aðalskipulag 2002-2014



25. september 2003

Br. 17. september 2004

4.3.7 Efnisnámur

Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² (5 ha) svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr.106/2000, viðauka 1. Ennfremur efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m² eða stærra svæðis. Þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku skv. 6. gr. sömu laga og viðauka 2, þegar um er að ræða efnistöku sem raskar 25.000 m² (2.5 ha) svæði eða stærra eða ef magn jarðefna er 50.000 m³ eða meira. Ennfremur ef um er að ræða efnistöku á verndarsvæðum.

Í Ölfusi eru nokkrar af stærstu námum landsins sem þjóna byggingaiðnaði á SV-horni landsins. Í þessum flokki eru námur í Bolöldum í norðurhlíðum Vífilfells, námur í Lambafelli og í suðurhlíðum Ingólfssjalls. Þessar námur eiga það sameiginlegt að vera unnar í háu bergstáli þannig að mikið magn fæst á flatareiningu lands. Þær eru einnig við eða í námunda við alfaraleiðir og því áberandi fyrir vegfarendur. Á hinn bóginn skerða námur að jafnaði lítið landslagsheildir sem eru lítt raskaðar af mannvirkjagerð. Þessi nýting lands til námavinnslu stuðlar að því markmiði að hafa sem fæstar námur.

Í töflu hér að neðan er lýst helstu áhrifum stærri námasvæða á umhverfið:

ÁHRIFAPÆTTIR	EFNISNÁMUR ALMENNT	ÁHRIF
Landslag og jarðmyndanir	Mikil áhrif á landslag og jarðmyndanir, einkum þar sem námur eru unnar í hlíðum fjalla.	--
Sjór, ár, vötn og grunnvatn	Lítill áhrif verða á það grunnvatn, sem nýtist sem neysluvatn. Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir efnisnámum á vatnsverndarsvæðum í flokki I og II.	0/--
Gróður	Lítill sem engin áhrif verða á gróður.	0
Fornminjar	Lítill sem engin áhrif.	0
Atvinnulíf og efnahagur	Styður við byggingastarfsemi og vegagerð og þar með ýmsar greinar atvinnulífs og efnahag.	+
Útivist og ferðapjónusta	Framkvæmdir skerða yfirleitt ekki möguleika svæðisins til útivistar.	0
Samgöngur og öryggismál	Nokkur áhrif á almenningssamgöngur, einkum á gatnamótum þar sem námavegir tengjast þjóðvegum.	0/--
Loft- og hljóðmengun	Lítill sem engin.	0
Byggð	Námur munu styðja við atvinnulíf og byggingastarfsemi á svæðinu almennt.	+
Önnur landnotkun	Lítill áhrif á aðra landnotkun. Efnistaka er yfirleitt tímabundin landnotkun meðan á henni stendur, t.d. á landbúnaðarsvæðum.	0
Markmið	Nægt framboð efnistökusvæða fyrir ýmiss konar byggingastarfsemi	+

bæjarstjórnar	fellur vel að markmiðum bæjarstjórnar sbr. kafla 5.2.9.		
* þakvæð áhrif	-- neikvæð áhrif	0 engin/overuleg áhrif	? óþekkt áhrif

Hér á eftir er fjallað nánar um þær námur sem hafa í för með sér mest neikvæð umhverfisáhrif:

Pórustaðanáma í Ingólfsfjalli

Helstu neikvæðu umhverfisáhrif námunnar eru sjónræn áhrif og áhrif á vatnsverndarsvæði undir suðurhlíðum Ingólfsfjalls. Náman er afar áberandi frá alfaraleið og einnig frá byggð á Sel-fossi. Náman hefur nýlega verið stækkuð til norðurs í hlíðum og á suðurbrún Ingólfsfjalls. Hægt er að draga úr sjónrænum áhrifum með því að ganga frá neðri hluta námunnar. Þá er náman farin að nálgast brunnsvæði í brekkurótum fjallsins og óvarlegt að stækka námuna til austurs eða vesturs vegna hugsanlegra áhrifa á gæði neysluvatns. Ekki liggur fyrir hvort efnisvinnsla í efri hlíðum Ingólfsfjalls hefur áhrif á neysluvatn í nálægum vatnsbólum. Mögulegt er að afla neysluvatns annars staðar á svæðinu, s.s. í austurhlíðum Ingólfsfjalls. Einnig hefur mikil umferð malarflutningsbíla töluverð áhrif á umferð og umferðaröryggi við gatnamót aðkomuvegar við Suðurlandsveg. Unnt er að draga úr slyshættu, t.d. með gerð aðreina við gatnamótin.

Náma í norðurhlíð Vífilsfells

Helstu neikvæðu umhverfisáhrif námunnar eru sjónræn áhrif þar sem náman er sýnileg frá alfaraleið. Einnig hefur mikil umferð malarflutningsbíla töluverð áhrif á umferð og umferðaröryggi við gatnamót aðkomuvegar við Suðurlandsveg. Unnt er að draga úr slyshættu, t.d. með gerð aðreina við gatnamótin.

Námur í austur- og suðurhluta Lambafells

Helstu neikvæðu umhverfisáhrif námanna eru sjónræn áhrif þar sem námumar eru afar áberandi frá alfaraleið. Einnig hefur mikil umferð malarflutningsbíla töluverð áhrif á umferð og umferðaröryggi við gatnamót aðkomuvegar við Prengslaveg. Unnt er að draga úr slyshættu, t.d. með gerð aðreina við gatnamótin.

5.2.9 Efnistökusvæði

Efnistökuastaðir eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka utan þéttbýlis, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. (Sjá einnig gr. 4.9 í skipulagsreglugerð).

Markmið:

- Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir ýmiss konar byggingastarfsemi.
- Almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistökustöðum.
- Öll efnistaka er framkvæmdaleyfisskyld og er stefnt að því að allar námur hafi framkvæmdaleyfi.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Stærstu námum er vísað í deiliskipulagsferli.
- Eftirfarandi sérgreind markmið gilda um efnistökusvæði:
 - a. **Framkvæmdaleyfi.** Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir efnisnámum til sveitarstjórnar, í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Leyfið er ennfremur háð ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og laga nr. 57/1998 og skal leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistgerðir sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga, sbr. 47. gr. sömu laga.
 - b. **Áætlun um vinnslu.** Landeigendur og sveitarstjórn geri áætlun um efnistöku í samræmi við gildandi lög. Skv. 48. gr. náttúruverndarlaga skal áður en framkvæmdaleyfi er veitt liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæða.
 - c. **Mat á umhverfisáhrifum.** Þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² (5 ha) svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000, viðauka 1. Ennfremur efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra. Þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku skv. 6. gr. sömu laga og viðauka 2, þegar um er að ræða efnistöku sem raskar 25.000 m² (2.5 ha) svæði eða stærra eða ef magn jarðefna er 50.000 m³ eða meira. Ennfremur ef um er að ræða efnistöku á verndarsvæðum.
 - d. **Deiliskipulag.** Landeiganda og/eða námuréttarhafa er skylt að vinna deiliskipulag fyrir allar námur sem eru yfir 5 ha og þar sem gert er ráð fyrir 150 þús. m³ efnisvinnslu (þ.e. matsskyldar námur) í samráði við sveitarstjórn. Deiliskipulagið verði unnið í samræmi við skipulagsreglugerð, gr. 4.9.2. Stefnt er að því að ljúka gerð deiliskipulags allra stærri náma fyrir vorið 2007. Búast má við að gera þurfi breytingar á aðalskipulagi þegar tillögur að deiliskipulagi liggur fyrir.

Á töflu hér á eftir er yfirlit yfir námur á skipulagssvæðinu. Námurnar eru allar í vinnslu, nema annað sé tekið fram. Þar sem getið er um efnismagn er um að ræða líklegt magn vinnanlegs efnis sem er óunnið í námunni. Uppgefin stærð vinnslusvæða er stærð í lok skipulagstímans. Námur E19 eru nýjar námur vegna Suðurstrandarveggar og verða umhverfisáhrif þeirra metin skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrir framkvæmdina í heild. Ekki er gert ráð fyrir öðrum nýjum námum sem eru yfir viðmiðunarmörkum laga um mat á umhverfisáhrifum. Afmörkun stærstu náma er ónákvæm og verður afmörkun þeirra endurskoðuð í deiliskipulagsferli.

Flestar námur í sveitarfélaginu eru nýttar til vegagerðar og byggingaframkvæmda á SV-horni landsins. Eftirfarandi yfirlit yfir efnistökusvæði er sett fram með fyrirvara um framkvæmdaleyfi, sem í fæstum tilvikum liggur fyrir. Í yfirlitinu er tekið fram hvort viðkomandi náma hefur framkvæmdaleyfi og/eða hvort samningur um námavinnslu liggur fyrir:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Sérgreind stefnumörkun	Jörð
E1	Bolöldur - vesturhluti	Bólstrabergsnáma, þar sem efni hefur verið unnið í áratugi. Stærð vinnslusvæðis er um 32 ha og hefur um 70% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er > 500.000 m ³ . Framkvæmdaleyfi liggur fyrir.	Vegna stærðar og umfangs námunnar er henni vísað í deiliskipulagsferil. Nám an er háð mati á umhverfisáhrifum skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.	Afréttur
E2	Bolöldur - austurhluti	Bólstrabergsnáma, stærð námasvæðis er allt að 5 ha og hefur um 70% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er 100.000-150.000 m ³ .		Afréttur
E3	Austurhluti Lambafells	Bólstrabergsnáma sem hefur verið í vinnslu í um 25 ár. Stærð námasvæðis er um 19 ha og hefur um 70% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er > 500.000 m ³ . Samningur um námavinnslu liggur fyrir.	Vegna stærðar og umfangs námunnar er henni vísað í deiliskipulagsferil.	Hjallatorfa
E4	Suðurhluti Lambafells	Bólstrabergsnáma. Stærð vinnslusvæðis er um 10 ha og hefur um 70% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er > 500.000 m ³ . Samningur um námavinnslu liggur fyrir.	Vegna stærðar og umfangs námunnar er henni vísað í deiliskipulagsferil. Náman er háð mati á umhverfisáhrifum skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.	Breiðabólstaður
E5	Sandfell	Í Sandfelli hefur verið námuvinnsla á þremur stöðum. Stærð námasvæðis er allt að 5 ha og hefur um 50% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er allt að 50.000 m ³ .	Gert er ráð fyrir að námavinnsla verði takmörkuð við suðvesturhlið fellsins.	Breiðabólstaður
E6	Tannastaðanáma	Malarnáma, stærð námasvæðis er allt að 5 ha og hefur um 75% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er 50.000-150.000 m ³ .		Tanna- staðir
E7	Þórustaðanáma í Ingólfsfjalli	Malar- og bólstarbergsnáma þar hefur verið unnið efni í áratugi. Stærð námunnar er um 38 ha og hefur um 50% þess verið nýtt. Gæta þarf sérstaklega að nálægð við vatnsöflunarsvæði að vatnsbólum Árborgar og gönguleið á Ingólfsfjall. Vinnanlegt efni er > 500.000 m ³ . Samningur um námavinnslu liggur fyrir.	Enistaka uppi á Ingólfsfjalli er tilkynningarskyld til ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum skv. 6. gr. Laganna. Efnistaka úr þessum hluta námunnar er óheimil þar til málsmeðferð er lokið og framkvæmdaleyfi liggur fyrir. Vegna sérstöðu námunnar mun sveitarfélagið beita sér fyrir deiliskipulagi svæðisins fyrir vorið 2005. Efri hluti námunnar er innan vatns-	Kjarr

			verndarsvæða þar sem gæta þarf ítrustu aðgætni eins og fram kemur í katla 5.3.3	
E8	Hvammsnáma	Malarnáma, stærð námasvæðis er um 4 ha og hefur um 75% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er 50.000-150.000 m ³ .		Hvammur
E9	Auðsholt	Malarnáma, stærð námasvæðis er allt að 5 ha og hefur um 50% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er 50.000-150.000 m ³ .		Auðsholt
E10	Núpanáma A	Malarnáma sem er einkum nýtt til vegagerðar. Stærð námasvæðis er um 15 ha og hefur um 70% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er > 500.000 m ³ . Samningur um náma-vinnslu liggur fyrir.	Vegna stærðar og umfangs námunnar er henni vísað í deiliskipulagsferil.	Núpar
E11	Núpanáma B	Malarnáma sem er einkum nýtt til vegagerðar. Stærð námasvæðis er allt að 5 ha og hefur um 70% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er 150.000-500.000 m ³ . Samningur um náma-vinnslu liggur fyrir.	Vegna stærðar og umfangs námunnar er henni vísað í deiliskipulagsferil.	Núpar
E12	Kerlingarberg austan Þrengslavegar	Malarnáma, stærð námasvæðis er allt að 5 ha og hefur um 50% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er 50.000-150.000 m ³ .		Hjallatorfa og Efri-Grímslækur
E13	Hraun	Opin grjótnáma. Gert er ráð fyrir að náman verði nýtt áfram, sérstaklega vegna varnargarða og hafnarbóta. Stór hluti hleðslugrjóts sem notað er á SV-horni landsins er unnið í námunni. Gert er ráð fyrir að námasvæðið geti orðið allt að 5 ha og hefur um 50% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er 100.000-150.000 m ³ .		Hraun I og II
E14	Hraunskaið sunnan Þjóðveggar Hraunskaið austan Eyrarbakka-veggar	Sandnáma. Sandurinn er einkum nýttur sem þússningasandur og til iðnaðar. Nýting og frágangur er í samráði við Landgræðsluna. Stærð námasvæðis er um 5 ha og hefur um 50% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er 100.000-150.000 m ³ . Náman er á leirum vestan Hamraenda þar sem gætir flóðs og fjöru við ána. Sandurinn er nýttur sem þússningasandur og til iðnaðar. Stærð námasvæðis er um 5 ha og hefur um 50% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er 100.000-150.000 m ³ .		Hraun
E15	Óseyrartangi	Sandnáma ofan fjöru, frá árósum að vegi er liggur þvert yfir miðjan Óseyrartanga. Sandurinn er nýttur til iðnaðar. Þar sem mikill tilflutningur efnis er vegna sjávangangs		Hraun

		færist sandnámið til í fjörunni. Stærð námasvæðis er um 5 ha og hefur um 50% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er 100.000-150.000 m ³ .		
E16	Flesjar sunnan Þorlákshafnar	Grjótnáma sunnan Þorlákshafnar sem nýtt hefur verið vegna sjóvarnargarða við höfnina. Stærð námasvæðis er um 12 ha og hefur um 50% þess verið nýtt. Vinnanlegt efni er 100.000-150.000 m ³ . Samningur um námavinnslu liggur fyrir.	Til skoðunar er að vinna frekara efni úr námunni í tengslum við stækkun hafnarinnar, eins og skilgreint verður í deiliskipulagi. Vinnslu námunnar verði hagað þannig að hún verði ekki hættuleg og að svæðið geti nýst sem útivistarsvæði að vinnslu lokinni.	Þorlákshöfn
E17	Hafnarsandur grjótnám	Hraunnáma, stærð námasvæðis er allt að 5 ha og hefur um 50% þess verið nýtt. Náman verður nýtt í tengslum við hafnarbætur í Þorlákshöfn. Vinnanlegt efni er 100.000-150.000 m ³ .		Þorlákshöfn
E18	Hafnarsandur sandnám	Sandnáma, stærð námusvæðis er allt að 5 ha. Vinnanlegt efni er 100.000-150.000 m ³ .		Landgræðslan
E19	Námur vegna Suðurstrand- arvegjar	Fyllingaefnisnámur vegna Suðurstrandarvegjar, alls 7 námur. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum námasvæðanna og hefur matsskýrsla þegar verið auglýst. Vinnanlegt efni í námunum er > 500.000 m ³ .	Námurnar eru háðar mati á umhverfisáhrifum sem unnið er að.	Nokkrar jarðir
E20	Hamragil	Ný náma í Hamragili sem verður eingöngu nýtt í tengslum við bygginu Helliðsvirkjunar. Námasvæðið er um 2 ha og vinnanlegt efni er um 600.000 m ³ .	Mati á umhverfisáhrifum er lokið.	Land OR